

Tillögur sjávarútvegsnefndar LS til 32. aðalfundar LS

1. Aðalfundur LS krefst þess að strandveiðar verði efldar á þeim grunni sem strandveiðinefnd LS lagði til á sínum tíma „Strandveiðar til framtíðar“, þ.e. 4 mánuðir, 4 daga í viku, 4 rúllur á bát, 650 þíg. kg í róðri. Tekið verði skýrt fram að aflareynsla á strandveiðum verði aldrei metin til kvóta.
2. Aðalfundur LS krefst þess að hætt verði að rukka sérstakt gjald á strandveiðibáta, þ.e. fimmtíu þúsund krónur sem rennur til hafna.
3. Aðalfundur LS leggur til að ólögætur umframafli á strandveiðum dragist ekki frá sameiginlegum heildarpotti.
4. Félagsmenn í LS sem stunda strandveiðar mótmæla öllum hugmyndum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um að lengja strandveiðitímabilið eingöngu á einu svæði umfram önnur.

Greinargerð

Við lítum svo á að hugmyndir um að lengja tímabil strandveiða á einu svæði en ekki öllum sé eingöngu sett fram til að sundra strandveiðimönnum sem hafa þá sameiginlegu kröfu í gegnum Landssamband smábátaeigenda að fá að stunda strandveiðar 4 daga í viku allt strandveiðitímabilið frá 1. maí – 31. ágúst. Öll pólitísk skemmdarverk á strandveiðikerfinu sem einungis er sett fram til að ala á sundrunu og óeiningu meðal strandveiðimanna verður litið mjög alvarlegum augum.

Það er augljóst hvaða breytingar þarf að gera á strandveiðikerfinu til þess að bæta það og gera það arðvænlegt fyrir þær útgerðir sem inni í því eru. Það veit ráðuneytið jafnvel og við þar sem við höfum reglulega bent á það. Krafan er einföld, 4 dagar í viku allt strandveiðitímabilið á öllum svæðum fyrir alla strandveiðimenn.

Landssamband smábátaeigenda hvetur strandveiðimenn um land allt, að mótmæla kröftuglega hverslags gjörningum sem miða að því að koma í veg fyrir samstöðu um gott og öflugt strandveiðikerfi þar sem hver og einn strandveiðimaður vegur jafnt. Það eru pólitísk öfl þarna á ferð sem eru að reyna að sundra okkur öllum. Stöndum saman – höfnum öllum brauðmolum sem hent er í suma okkar.

5. Aðalfundur LS vill að ufsi veiddur á strandveiðum teljist ekki til strandveiðikvóta.
6. Aðalfundur LS vill að krókaveiðar á makríl verði frjálsar og hlutdeild þeirra í veiðunum verði að lágmarki 16%.
7. Aðalfundur LS vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða.
8. Aðalfundur LS vill að byggðakvóti verði nýttur af dagróðrabátum og honum úthlutað við löndunar sem ívilnun á kvóta.

Greinargerð

Með þessum hætti ætti gagnsæi við úthlutun byggðakvóta að aukast og einnig auðvelda nýjum aðilum að koma inn, þar sem ekki þurfi veiðireynslu frá síðasta kvótaári til viðmiðunar. Eftir sem áður yrðu reglur fyrir einstök byggðalög. Byggðáívilnun með breytilegri prósentu eftir byggðalögum þar sem vægi byggðakvóta gæti værd misjafnt eftir byggðalögum þ.a.s. sum byggðalög væru t.d. með 75% til kvóta en önnur með 90% til kvóta.

9. Aðalfundur LS hvetur grásleppuveiðimenn til að hefja ekki veiðar á vertíðinni 2017 fyrir en verð liggur fyrir. Fundurinn telur að lágmarksdagafjöldi á grásleppuveiðum verði aldrei færri en 32.
10. Sjávarútvegsnefnd LS telur að fækka eigi fulltrúum í grásleppunefnd LS niður í þrjá nefndarmenn. Telur fundurinn að öll vinna í nefndum verði skilvirkari með færri nefndarmönnum.
11. Aðalfundur LS tekur undir tillögur Sæljóns og mótmælir harðlega þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps. Fundurinn krefst þess að 4. málsgrein 9. greinar í reglugerð um hrognkelsaveiðar nr. 202 frá 4. mars 2016 verði tafalaust felld úr gildi.

Greinargerð

Fjórir æðarbændur nýta varp á litlum hluta þessa svæðis en hafa náð með „lobbýisma“ að koma þessu banni í gegn. Benda má á að athugun fór fram á fjölda æðarfugla sem komu í net en þessi athugun var framkvæmd af sértökum eftirlitsaðila utan þeirrar skráningar sem grásleppusjómenn sjálfir skrá.

12. Aðalfundur LS leggur til að stjórn grásleppuveiða verði með svipuðum hætti og verið hefur.
13. Aðalfundur LS samþykkir tillögu Skalla um að upphafstími grásleppuveiða á svæði E verði 10. mars.
14. Aðalfundur LS samþykkir tillögu Kletts og leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 10. - 20. mars á svæði E að því gefnu að verð liggi fyrir. Ákvörðun um veiðidaga verði í höndum LS og taki mið af markaðsaðstæðum.
15. Aðalfundur LS hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
16. Aðalfundur LS vill að staðið verði vörð um línuviltun.
17. Aðalfundur LS ítrekar fyrri ályktanir um að línuviltun nái til allra dagróðrabáta.
18. Aðalfundur LS lýsir yfir ánægju með að keila, langa og karfi sé nú komin í línuviltun.
19. Aðalfundur LS tekur undir tillögu Snæfells og fagnar þingsályktun/tillögu um að leyfa skipstjóra að taka ferðamenn með á fiskveiðar.
20. Aðalfundur LS lýsir fullum stuðningi við aflamarkskerfið.
21. Aðalfundur LS leggur til að handfæraveiðar á uppsjávarfiski verði gerðar frjálssar.

Greinargerð

Handfæraveiðar skapa alls enga hættu á ofveiði uppsjávarfiska en ofveiði er helsta ástæða fyrir takmörkun á sókn.

Göngur uppsjávarfiska eru mjög sveiflukenndar og sjálfsagt er að byggðirnar njóti þess þegar uppsjávarfiskar ganga á heimamið þeirra.

22. Aðalfundur LS leggur til að Grásleppunefnd LS verði þannig skipuð:

Valentínus Guðnason Stykkishólmi

Hilmar Zophaniasson Siglufirði

Kári Borgar Ásgrímsson Borgarfirði eystra

Til vara

Hafþór Jónsson Patreksfirði

Þórður Birgisson Húsavík